

Skrá 38. Hrosshár

ÞJÓÐHÁTTASKRÁNING ÞJÓÐMINJASAFNSINS

38. spurningaskrá

Inngangur

Þjóðháttaskráningin sendir frá sér spurningaskrá um hrosshársvinnu í því trausti að enn eigi samstarfsmenn hennar þolinmæði til að skrifa um enn eitt svið íslenskra þjóðhátta. Hrosshársvinna var iðkuð að einhverju marki í öllum sveitum landsins til skamms tíma og er enn ekki með öllu niður fallin. Hún var, ef vel var, listið sem eftirsjá er að. Vænta má þess að mjög margir kunni sæmileg skil á hrosshársvinnu svo hægt sé að gera sér ljósa grein fyrir því hvernig hún fór fram um allt Ísland en mismunandi áhöld og vinnuaðferðir koma þar við sögu.

Áhöld

Voru sérstök áhöld gerð til þess að nota er rakað var af hrossi? Lýsið hrosshárssnældum af halasnældugerð (teinsnældum), m.a. með tilliti til stærðar (spunasnælda, tvinningarsnælda).

Var algengt að þær snældur væru prýddar útskurði?

Var í notkun sérstök gerð af spunasnældu hrosshárs er nefndist vingla, rella eða vitlaus snælda? Lýsið henni, gerð og efni.

Voru til fleiri snældugerðir en halasnælda og vingla?

Voru til sérstakir hrosshársrokkar? Lýsið þeim.

Voru sérstök áhöld úr steini eða beini höfð til þess að leika (renna) á hrosshári er það var tvinnuð? Hvað nefndust þau? Lýsið þeim. Voru til sérstök vefjaráhöld að nota er gjarðir voru ofnar?

Segið frá hrosshársal til að festa með hrosshársvindil í spuna t.d.

Voru til sérstakir hrosshárskambar? Voru aflóga ullarkambar notaðir sem hrosshárskambar?

Voru sérstakir hrosshárskláfar til að geyma í hnykla?

Að raka af hrossi

Hvað nefndist starfið við að nema taglhár og faxhár af hrossi (að raka af eða annað)?

Á hvaða árstímum var það gert? Lýsið því sérstaklega á hvern hátt þetta var háð því hvort um gjafahest (reiðhest) eða útingangshross var að ræða.

Lýsið aðferðinni við að raka af hrossi og nefnið áhöld er notuð voru.

Var miðað við það á hrossinu sjálfu hve mikið þótti hæfilegt að nema af tagli?

Var það á hvers manns færi að raka t.d. af reiðhesti? Kunna menn frá því að segja að rakað hafi verið af reiðhestum eftir ákveðinni reglu (klipptar manir (rákir) á lend, hrygg, nára, háls, brjóst, haus o.s.frv.? Lýsið hvernig gengið var frá hrosshári til geymslu (litum ekki blandað saman, bundið í knippi o.s.frv.).

Segið sérstaklega frá því ef um það var að ræða að hrosshár gengi kaupum og solum.

Gerið grein fyrir mismun hrosshárs miðað við taglhár og faxhár, blöndun hrosshárs í vinnu og sérstaklega ef t.d. um faxhár eða taglhár var talið henta hvort fyrir sig til sérstakra nota.

Hrosshársvinna

Hófs hrosshársvinna að vetri með öðrum kvöldvökustörfum?

Var hún eingöngu verk karlmannna? Hve snemma voru börn og unglingar vanin við að vinna hrosshár?

Voru sérstakir menn öðrum fremur sem unnu hrosshár og þá e.t.v. fyrir greiðslu? Fóru þeir milli bæja til starfa eða tóku verkefni heim til sín?

Að tæja og kemba hrosshár

Hver var almenna aðferðin við að búa hrosshár undir spuna (að tæja það, að kemba það)? Lýsing á tæingu. Var setið við verkið á rúmi eða stól og táið ofan í trog (hrosshárstrog) eða ofan á baðstofupallinn?

Lýsið kembangu hrosshárs.

Lýsið því hvernig hrosshárið var tekið saman í vöndul eða vindil. Hvað nefndist það?

Lýsið því hvar og hvernig vindillinn var festur upp til handspuna.

Hvernig var gengið frá hrosshári er spinna átti það á rokk?

Spunnið á halasnældu

Lýsið hrosshársspuna á halasnældu. Stóð spunamaðurinn eða sat við verkið? Lýsið hvernig tekin er fram lyppa úr vindli og snældunni snúið. Hvað nefndist snúningur snældunnar í hendi spunamanns (snældukings t.d.)? Var það nefnt eitthvað sérstakt, t.d. að rota köttinn, ef manni fírst illa eða ekki rétt að vinda þráð upp á snældu? Var lögð áhersta á að vanda snúðinn á þræðinum? Var sverleiki misjafn eftir því til hvers átti að nota þræðinn?

Spunnið á vinglu (vitlausu snældu)

Lýsið spuna á vinglu. Voru dæmi þess að tveir ynnu saman, annar lyppaði, hinn sneri snælduni og gengi afturábak eftir gólfi?

Voru dæmi þess að undið væri með snuðrum (hnokkabrogðum) á snælduna og börn síðan látin greiða úr er undið var í hnykil? Hvað nefndist spólan sem tekin var fram af snældunni og undin í hnykil?

Spunnið á hrosshársrokk

Lýsið spuna á hrosshársrokk. Hvernig var unnið að því að spinna (lyppa) úr vindlinum?

Aðrar aðferðir

Þekktust fleiri aðferðir við hrosshársspuna?

Undið í hnykil

Lýsið því hvernig undið var í hnykla af snældum til undirbúnings tvinningu. Á hvað var undið (stórgripsvölu, stein t.d.)?

Tvinning

Lýsið tvinningu. Var tvinnuð með öfugum snúð eða réttum snúð? Var lögð áhersla á að hafa nógu harðan snúð á þræði? Voru aldrei tvinnuðir saman tveir litir? Hvar var unnið að tvinningu? Var tvinnuð niður fyrir loftsgat t.d. til að fá langa færú í tvinningu? Var þá höfð varúð með það að snældan væri ekki yfir höfði á barni svo það hætti ekki að vaxa? Lét árenningur (árenna) úr steini eða beini á þræðinum til að jafna snúðinn?

Tvinnaður þræður undinn í hnykil

Lýsið því hvernig tvinnuður þræður var undinn í hnykil. Var algengt að vinda í hnykil með þeim sérstaka hætti að hægt var að rekja innanúr hnyklinum? Nefndist þetta nokkuð? Hvernig var gengið frá hnyklum til geymslu?

Að bregða gjörð

„Ei til verka annað kann en að bregða gjarðir.“

Lýsið því, sé það ekki þegar fram komið, hvernig unnið var í gjarðir, miðað t.d. við snarleika efnis og gildleika og það hvort bregða átti reiðgjörð eða klyfberagjörð.

Lýsið verkinu við að rekja í gjörð og að bregða gjörð. Hvar og hvernig var rakið í gjörðina? Lýsið mismun þráðafjölda miðað við það hvort rakið var í reiðgjörð eða klyfberagjörð. Hve margir þræðir voru t.d. að jafnaði í reiðgjörð (39, 41 o.s.frv.)?

Var ákveðin mæling á lengd efnis miðuð við það hve mikið það gekk saman (styttist) í verki? Hvernig var mælt?

Lýsið litasamsetningu og litaröðun eftir því sem hægt er og þá miðað við það hvort átti að þverbregða, oddabregða eða vefa í vefstól. Var talað um tennta oddagjörð? Var talað um valbrugðna gjörð? Gerið grein fyrir verki, svo sem hægt er, um: a) þverbrugðna gjörð, b) oddabrugðna gjörð, c) ofna gjörð. Minnst m.a. eftirfarandi atriða: Hvar var verkið unnið? Hvar var gjarðæfnið upp fest og hvernig? Hvernig voru þræðir undnir í hankir? Hvernig gengu þræðir milli jaðra eða inn í skil?

Lýsið uppsetningu gjarðavefnaðar í vefstól, höföldum, skeið og áslætti. Var sérstakt áhald til að slá með fyrir í vef og e.t.v. til að vinda upp á fyrirvef?

Var meiri áhersla lögð á það að vanda til reiðgjarða en klyfberagjarða? Hvernig var gengið frá enda klyfberagjarðar er byrjað var að bregða hana? Hvað um ákvörðun lengdar á klyfberagjörð?

Fléttað reiptagl

Gerið grein fyrir því hvernig reiptagl varð til. Gerið grein fyrir því hvernig maður mældi í reiptagl (á sjáflum sér t.d.) Hvernig var rakið í það? Gerið grein fyrir litasamsetningu og fjölda þátta (þráða). Hvar var verið við verkið? Hvar var efnið fest upp? Hvernig var unnið í hankir? Var lögð áhersla á að fléttað væri þétt og fast?

Lýsið auganu eða smeygnum á enda reiptagls. Hvernig var gengið frá hinum endanum í lok verks?

Gerið grein fyrir mismun legutagla og dráttartagla í reipi. Gerið grein fyrir silum. Voru dæmi þess að tögl væru sviðin við eld til að fá betri áferð, t.d. í sila?

Hrosshárshnapphelda

Lýsið gerð hrosshárshnappheldu. Hvernig var ákveðið um lengd hennar í byrjun verks. Með hve mörgum þáttum var fléttað?

Hvað um litasamsetningu? Hvernig var rakið í hnapphelduna? Hvar var hnapphelduleggurinn festur í byrjun verks?

Lýsið verki frá byrjun til loka. Var taglhár og faxhár í jöfnum metum í hnappheldu? Var hnapphelduleggurinn merktur eiganda?

Hvar var hnapphelda geymd í ferðum?

Hrosshársbeisli

Lýsið gerð hrosshársbeislis. Hve langt var taglið að jafnaði? Voru dæmi þess að "höfuðleðrið" væri brugðið líkt og gjörð en taumurinn fléttaður? Lýsið beislishögl, beislistippi og öðru er efnið varðar.

Hæra, hærusekkur

Minnst menn þess að hrosshár hafi verið unnið í hæruvoð, m.a. til að gera úr hærusekki? Hefur hrosshár verið unnið í gólfmottur? Lýsið, ef tók eru á, þeim vefnaði, hvernig unnið var í vef, sett til vefjar, vefnaðargerð og vefnaði. Greinið frá einstökum mönnum sem að þessu unnu, ef tók eru á. Lýsið fullgerðum hærusekki og þá m.a. frágangi ops og sylgjum í opi. Segið frá notum manna af hærusekkjum.

Önnur not af hrosshári o.fl.

Segið svo sem föng eru á frá öðrum notum af hrosshári. Minnst m.a. eftirfarandi atriða:

- a) hrosshár í teina á silgunganetum,
- b) hrosshár í skó, t.d. sjómanna,
- c) hrosshár í þvögur til að þvo með mjólkurílát, d) hrosshár í síur,
- e) hrosshár í fulgasnörur,
- f) hrosshár í stað fiskióla,
- g) tátíljur,
- h) sópa,
- i) hrosshár (búkhár) í reiðtygi, dýnur og illeppa.

Vita menn dæmi þess að hrosshár hafi verið unnið ísigbönd bjargmanna?

Segið frá þarfaböndum úr hrosshári öðrum en þeim sem áður eru talin (kýrhöft t.d.).

Var algengt að leggja í bú frumbýlinga í gjöfum t.d. reipi, gjarðir, beisli o.s.frv.?

Segið frá gangverði á munum úr hrosshári.

Eru til vísur, orðtök eða annar fróðleikur en fram er kominn um hrosshár eða hrosshársvinnu?

Hvenær lagðist hrosshársvinna niður?